

Reykjavík, 17. maí 2018
SFS2017030073
139. fundur
HG/sp/hvv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Stuðningur við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík

Á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna með borgarstjórn þann 28. febrúar 2017 lagði Elínborg Una Einarisdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur úthluti árlegum styrk frá og með næsta fjárhagsári til allra ungmennaráða sem nýtist ungmenum á einn eða annan hátt í viðkomandi hverfi.

Greinargerð fylgdi tillögunni:

Með því að fá fast fjármagn eykst valdefling ráðanna, þau losna við óþarfa milliliði og minnka verkefnastopp þegar er beðið eftir styrkjum fyrir ákveðin verkefni, viðburði eða námskeið. Í löndum sem við berum okkur oft saman við, Svíþjóð og Finnlandi til dæmis, fá ungmennaráð árlegan styrk frá sveitarfélögum og ríkinu. Það er mjög mikilvægt fyrir ungmenni að finna að þau geti haft áhrif á nærumhverfi sitt og að þau finni að þeim sé treyst í að framkvæma með hag ungmenna að leiðarljósi. Það má líta á þessa úthlutun fjármagns sem verkefnasjóð ungmenna sem væri hægt að endurskoða árlega með tilliti til nýtingar og áhrifa hans.

Borgarstjórn vísaði tillögunni til meðferðar skóla- og frístundasviðs. Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 fylgdi Elínborg Una Einarisdóttir tillögunni eftir. Vel var tekið í tillögunna, hún samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2018. Í kjölfarið var gert ráð fyrir fjármagni vegna tillögunnar í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2018. Óskaði skóla- og frístundasvið eftir því að Reykjavíkurráð ungmenna myndi leggja fram tillögu að nánari útfærslu á verklagi. Reykjavíkurráð ungmenna tók í framhaldi málið til umfjöllunar og sendi tillögu að verklagi sem lagt er til að verði samþykkt óbreytt fyrir utan smávægilegar orðalagsbreytingar. Engar efnislegar breytingar voru gerðar við tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna, sjá nánar í meðfylgjandi verklagi um stuðning við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík.